

STJÓRNARTÍÐINDI A 1 — 1968

20. janúar 1968.

1

Nr. 1.

L Ö G

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1968 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með allt að 140% viðauka stimpilgjald og leyfisbréfgjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 104/1965.
- b. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkv. 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

Gjört að Bessastöðum, 20. janúar 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

9. janúar 1968.

Nr. 2.

FORSETA BRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi, 88. löggjafarþing, skuli koma saman til framhaldsfundar þriðjudaginn 16. janúar 1968, kl. 14.00.

Gjört að Bessastöðum, 9. janúar 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.